

Skýrsla stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands, flutt á 11. aðalfundi Skólaskrifstofunnar föstudaginn 13. október 2006 í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði.

Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem nú lýkur starfstíma sínum var kjörin á 10. aðalfundi Skólaskrifstofunnar sem haldinn var hér á Reyðarfirði fyrir réttu ári, þann 14. október 2005. Í stjórnina voru kjörin Jósef Friðriksson, Austurbyggð, formaður, Edda Egilsdóttir, Fljótsdalshéraði, Jón Halldór Guðmundsson, Seyðisfirði, Halldóra Árnadóttir, Vopnafirði og Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð. Þegar stjórnin skipti með sér verkum var Edda Egilsdóttir kjörin varaformaður og Jón Halldór Guðmundsson ritari. Auk áður taldra sat Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Djúpavogi einn stjórnarfund á starfsárinu en stjórnarfundir urðu alls fimm á starfsárinu.

Skólaskrifstofa Austurlands hefur nú lokið tíunda starfsári sínu og er óhætt að segja að barnið hafi braggast vel. Tilvísanir til skrifstofunnar voru á fimmta hundrað á síðasta starfsári og náðu sérfræðingar hennar að vinna í vel flestum þeirra. Þó er alltaf eitthvað af málum sem ekki gefst tími til að vinna í á því starfsári sem tilvísun berst, því margar tilvísanir berast í lok skólaárs eða eftir að því lýkur og eðlilega getur reynst erfitt að vinna í þessum málum þegar nemendur og kennarar eru farnir í sumarleyfi.

Við stofnun Skólaskrifstofunnar voru aðildarsveitarfélögin 22 talsins en hefur nú, með sameiningu sveitarfélaga fækkað niður í 8. Grunnskólanemendum á starfssvæði skrifstofunnar hefur einnig fækkað á þessum árum frá stofnun hennar en hefur verið að fjölga aftur undanfarin ár og bendir ekki annað til en þeim muni fjölga á næstu árum.

Hlutverk Skólaskrifstofu Austurlands er að sinna sérfræðipjónustu við grunn- og leikskóla í formi ráðgjafar og greiningar á starfssvæði hennar sem nær frá Vopnafirði í norðri til Djúpavogs í suðri. Langmestur hluti starfseminnar fer í að veita grunnskólunum þjónustu en leikskólar fá einnig í vaxandi mæli þjónustu og verður vonandi í framtíðinni hægt að beina greiningarvinnunni í meira mæli inn í leikskólana, því með því að greina vanda og örðugleika snemma á skólagöngu barna eru meiri líkur á að viðunandi árangur náist í að bæta viðbrögð og árangur í meðferð frávika og ýmissa náms- og hegðunarvandamála.

Skólaskrifstofan hefur á að skipa kennsluráðgjöfum sem aðstoða leik- og grunnskólakennara vegna samskiptavandamála, sjá um handleiðslu vegna nemenda með sérþarfir, sjá um greiningu á lestrar- og stafsetningarerfiðleikum auk þess sem þeir sinna ráðgjöf vegna íslenskukennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Sálfræðingar skrifstofunnar sinna m.a. greiningu og ráðgjöf vegna hegðunar- og tilfinningavandamála ásamt ráðgjöf vegna námsörðugleika til nemenda, foreldra og kennara í framhaldi af greiningu. Skólaskrifstofan hafði ekki aðgang að talmeinafræðingi á síðasta skólaári til greiningar og ráðgjafar en fékk talmeinafræðing í eina viku á starfsárinu til að sinna brýnustu verkefnum. Úr þessu hefur nú verið bætt og hefur talmeinafræðingur verið ráðin í fast hlutastarf til að sinna greiningu og ráðgjöf..

Á síðustu tveimur aðalfundum hefur verið rætt um skort á þjónustu talmeinafræðings hér á Austurlandi, þar sem lítil sem engin þjálfun talmeinafræðings hefur verið í boði hér eystra í kjölfar greiningar. Bent hefur verið á að samkvæmt könnunum hér á Austurlandi eiga rúmlega 15% leikskólabarna eða um 80 börn og um 4 % grunnskólabarna eða á sjöunda tug barna á Austurlandi við framburðarvandamál að stríða og þar að auki voru 3% grunnskólabarna eða um 40 börn greind með málþroskaröskun. Samtals eru þetta tæplega 200 börn sem hafa engan aðgang að þjálfun sérmenntaðs starfsfólk hér á Austurlandi. Þetta þýði ekkert annað en það að foreldrar barna sem eiga við þessi vandamál að glíma eiga ekki annars úrkosta en að leggja í kostnaðarsöm ferðalög út fyrir fjórðunginn til að afla börnum sínum þjálfunar hjá talmeinafræðingum eða ella gera ekkert. Sveitarfélögin - eigendur Skólaskrifstofunnar hafa skellt skollaeyrum við þessum staðreyndum og jafnvel ekki svarað áskorunum um að bæta þarna úr. Ríkisvaldið hefur ekki staðið sig betur. Skólaskrifstofan var um síðustu áramót í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Austurlands mjög nálægt því að leysa þetta mál með því að ráða í sameiningu talmeinafræðing, en á síðustu stundu gekk Heilbrigðisstofnun úr skeftinu og öll vinnan sem lögð hafði verið í málið af hálfu Skólaskrifstofunnar fór í súginn. Það er rétt sem sumir hafa bent á að það er á hendi ríkisvaldsins að sjá um að þessi þjónusta sé í boði en sveitarstjórnarmenn mega ekki gleyma sér í þrasi um kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga á kostnað borgaranna. Í þessu tilfelli erum við að tala um 200 börn sem eiga við mismikil vandmál að glíma. Stundum hefur verið rokið til af minna tilefni. Þess vegna tel ég mjög brýnt að sveitarfélögin beiti sér af myndarskap fyrir því, í samvinnu við Skólaskrifstofuna og

ríkisvaldið, að leysa þetta vandamál, þannig að á næsta aðalfundi Skólaskrifstofunnar þurfi ekki að ræða þetta mál með öðrum hætti en þeim að fagna góðum árangri.

Á þessum aðalfundi verður, eins og alltaf, kosin ný stjórn. Í þetta skiptið vill svo til að öll fráfarandi stjórn latur af störfum, en það hefur ekki gerst áður. Það er í rauninni ekki vandamál, þar sem starfsemi Skólaskrifstofunnar er í föstum skorðum og hefur á að skipa úrvals starfsfólki og nýtur styrkrar stjórnar forstöðumanns með áralanga reynslu. Engu að síður hefði farið betur á því að eitthvað af reynslu fráfarandi stjórnar hefði skilað sér áfram til nýrrar stjórnar en því verður ekki breytt. Ég man ekki eftir því á þeim 9 árum sem ég hef fylgst náið með sveitarstjórnarmálum á Austurlandi að skipt hafi verið í heilu lagi um stjórn í byggðasamlagi. Reyndar er það þannig að búast má við miklum breytingum þegar nýjar sveitarstjórnir eru kosnar. Þess vegna vona ég að þær sveitarstjórnir sem kosnar voru í vor sýni málefnum Skólaskrifstofu Austurlands meiri áhuga en oft hefur verið gert og stuðli að eflingu hennar á öllum sviðum. Í því umbyltingarferli sem átt hefur sér stað hér á Austurlandi undanfarnin ár með þeim framkvæmdum sem verið hafa í gangi og brátt taka enda hafa sveitarfélögin þurft að mæta og eiga eftir að mæta ákveðnum erfiðleikum sem alltaf fylgja þegar fólki fjölgar eða eftir atvikum fækkar og þá skiptir miklu máli að hlúa vel að öllu skólastarfi, því þar sem skólastarf er öflugt og vel er gert, þar er gott að búa. Það er bjargföst trú mín að Skólaskrifstofa Austurlands sé ómissandi þáttur í góðu skólastarfi á Austurlandi.

Þar sem ég lät af stöfum sem formaður stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að loknum þessum aðalfundi langar mig að þakka öllum þeim sem setið hafa með mér í stjórn á undanföllum árum, að ógleymdum forstöðumanni og okkar góða starfsfólki fyrir traust og gott samstarf.

F.h. stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Jósef Friðriksson, formaður